



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Deiliskipulag Vesturbugar

Nýtt deiliskipulag fyrir Vesturbugt við gömlu höfnina var samþykkt 20. nóvember sl.

Betri Hverfi

Á síðustu tveimur árum hafa 322 verkefni verið valin í gegnum Betri Hverfi og verið framkvæmd viðs vegar í hverfum borgarinnar

Jólamarkaðurinn á Ingólfstorgi

Jólamarkaðurinn á Ingólfstorgi er sífellt að festa sig betur í sessi og er orðinn hluti af jólahaldi Reykvíkinga

Leiðari

Reykjavík er ábyrg borg sem tekur mið af hagsmunum framtíðarinnar við skipulag og framkvæmdir. Stúdenta-garðar við Brautarholt lýsa þessu vel því markmiðið er að skapa möguleika á meira mannlífi með því að þetta byggð. Ferðavenjur stúdenta verða vistvænar á þessu svæði því bæði er fljótlegt að hjóla í háskólana og einnig eru greiðar almenningssamgöngur við Hlemm. Skrifað er um þetta svæði í Borgarsýn að þessu sinni ásamt fjölmörgu öðru spennandi efni, t.d. verðlaunatilögu um viðbyggingu og útisundlaug við Sundhöll Reykjavíkur, hugmyndasamkeppni um Vogabyggð, skipulag Öskjuhlíðar og vistvæna byggð í Vesturbugt.

Efni Borgarsýnar varpar góðu ljósi á samvinnu milli stjórnsýslu og borgarbúa. Verkefnið Betri hverfi byggir t.a.m. á íbúalýðræði og að virkja almenning til þátttöku en hægt er að kjósa um allt að 20 hugmyndir í hverju hverfi. Fram kemur í blaðinu að loftgæðin árið 2013 voru góð en þess má geta að nú eru fimm loftgæðamælistöðvar í Reykjavíkurborg. Þá má lesa um að Náttúruverndarnefnd Reykjavíkur réðst í ýmis verkefni á friðlystu svæðunum með það að markmiði að varðveita verndargildi þeirra.

Af öðrum góðum fréttum má nefna að samstarfsvettvangur um eflingu þekkingarsvæðis í Vatnsmýrinni og

mótun áætlunar þar að lútandi var stofnaður í janúar með undirritun samkomulags sem Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Landspítalinn standa að. Sameiginlegt markmið allra er að móta metnaðarfulla áætlun um eflingu Vatnsmýrarinnar sem miðstöðvar þekkingargreina og nýsköpunar á Íslandi.

Loks er vert að geta þess að mikill hugur er í Reykvíkum til að flokka heimilis-sorpið því allur pappír fer nú til endurvinnslu. Rúmlega 10. þúsund tonnum minna en áður féll til af blönduðu heimilissorpi í Reykjavík árið 2013 miðað við árið 2004. Það vitnar um mikinn hug og metnað borgarbúa í endurvinnslumálum.

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Magnað myrkur í Reykjavík!

Samspil ljóss og myrkurs verður magnað á Vetrarhátíð sem haldin verður í Reykjavík 6.–15. febrúar

Vetrarhátíð verður sett fimmtudaginn 6. febrúar kl. 19:30 í safni Einars Jónssonar. Hátíðin verður öll hin glæsilegasta og mun fjöldi listamanna taka þátt í að skapa einstaka stemningu í borginni. Markmið hátíðarinnar er að lýsa upp mesta skammdegið í febrúar með viðburðum og uppákomum af ýmsu tagi, stórum sem smáum en yfirskrift hátíðarinnar er Magnað myrkur! Alls verða á hátíðinni 200 viðburðir af ýmsu tagi, stórir sem smáir, en hún stendur yfir í tíu daga.

Ljósalistaverk eftir innlenda og erlenda listamenn verða tendruð og ljósa-viðburðir munu eiga sér stað um alla borg þegar byggingar og almenningsrými verða lýst upp með fjölbreyttum hætti. Meginstoðir Vetrarhátíðar 2014 verða Safnanótt, Sundlauganótt og ljósalistaverk. Aðrir skemmtilegir viðburðir á hátíðinni eru tónleikarnir Denver Calling Reykjavík, snjóskurður, heimsdagur barna og ráðstefna.



Nánari upplýsingar um dagskrárliði og dagsetningar eru á heimasíðu Vetrarhátíðar: www.vetrarhatid.is



Kósi stemning í jólatjaldinu

Jólamarkaðurinn á Ingólfstorgi

Jólamarkaðurinn hefur verið nefndur sem ein ástæða þess að Reykjavík er ofarlega á listum yfir mest aðlaðandi jólaborgir heimsins

Brakandi eldur, rjúkandi jólaglögg, ljúfir tónar kóra og ilmur af lifrænt ræktuðum íslenskum jólatrám voru allsráðandi á Ingólfstorgi fyrir jól. Jólamarkaðurinn Ingólfstorgi var haldinn dagana 7.–8., 14.–15. og 19.–23. desember. Fyrstu tvær helgarnar voru jólabjálkahús á torginu en 19.–23. desember bættist heldur betur í gleðina og jólatjald hýsti ennþá fleiri söluaðila.

Um 40 söluaðilar voru þegar mest var. Það vakti athygli hversu margir spennandi litlir matvælaframleiðendur tóku þátt í jólamarkaðnum. Segja má að gestir jólamarkaðarins hafi getað gert öll sín jólainnkaup á markaðnum þar sem hægt var að kaupa jólagjafir, í jólamatinn, jólatréð og jafnvel hægt að nýta sér innpökkunarþjónustuna sem var þar í boði og látið pakka inn jólagjöfunum í leiðinni.

Jólamarkaður á Ingólfstorgi hefur heldur betur fest sig í sessi og er orðinn hluti af jólahaldi Reykvíkinga. Jólamarkaðarins var getið í erlendum fjölmiðlum og hann nefndur sem ein ástæða þess að Reykjavík er ofarlega á listum yfir mest aðlaðandi jólaborgir heimsins og hvers vegna erlendir ferðamenn skuli sækja borgina heim.

Jólamarkaðurinn er samstarfsverkefni umhverfis- og skipulagssviðs, Höfuðborgarstofu og Miðborgarinnar okkar en markaðsstjóri var Hlédís Sveinsdóttir sem hefur lengi unnið að bættu aðgengi almenningss að sveit.

Vistvæn byggð í Vesturbugt

Komið var til móts við athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma deiliskipulagsins með því að lækka hús

Nýtt deiliskipulag fyrir Vesturbugt við gömlu höfnina var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 20. nóvember 2013. Að auki var samþykkt breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024 sem snýst um að fallið verði frá því að leggja Mýrargötu í stökk.

Nýtt deiliskipulag fyrir Vesturbugt leggur áherslu á vistvæna byggð. Nýja byggðin mun einkennast af vönduðum almenningssýmum og atvinnuhúsnæði á jarðhæð sem mun skapa grundvöll fyrir iðandi mannlíf. Byggðin mun styðja við þá gróskumiklu starfsemi sem hefur þegar fest rætur umhverfis reitinn. Öll svæði utanhúss verða vandlega hönnuð almenningssými. Reiturinn verður því mun meira aðlaðandi fyrir mannlíf og útivist en hann er í dag.

Byggðin verður þétt sem er liður í þeirri stefnu að auka byggðina í nálægð við vinnustaði, verslun og þjónustu miðborgarinnar. 0,8 bílastæði verða á íbúð sem þýðir að hægt verður að selja minni íbúðir án bílastæða sem lækkar kostnað töluvert og ýtir undir fjölbreytta íbúasamsetningu. 20% íbúða skulu vera leiguíbúðir.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi átti að fjarlægja Slippinn og rífa hluta verubúða við Suðurbugt. Horfið er frá því samkvæmt þessu deiliskipulagi og mun Slippurinn fá að standa eins og hann er.



Hafnarbakkinn



Vesturbugt 1. áfangi

Vistvænar lausnir

Gerð verður krafa um græn þök á byggingum sem þýðir að gras eða annar gróður verður á þökum en hann einangrar hús, bindur kolefni og minnkar þörf á upphitun auk þess sem gróður bindur vatn sem gufar í kjölfarið upp. Regnvatn af þökum sem vanalega er leitt í ræsi verður leitt í gegnum náttúrulega ferla. Slík lausn mun fegra almenningssýmin og gera þau einstök í borginni. Nýstárlegar lausnir í sorpmálum á svæðinu ýta undir flokkun sorps og auðvelt verður að bæta flokkunarmöguleikum við. Hæðarlega svæðisins tekur mið af nýjustu spám um hækkan sjávarstöðu auk þess sem allt affallsvatn verður nýtt til þess að hita upp almenningssýmin á svæðinu.

Samráð við hagsmunaaðila var eitt af markmiðum deiliskipulagsvinnunnar.

Haldinn var fjölmennur fundur í Sjóminjasafninu Vík þar sem tillagan var kynnt auk þess sem farnar voru tvær fjölmennar göngur um skipulagssvæðið til þess að kynna rammaskipulagið sem tillagan byggir á. Komið var til móts við athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma deiliskipulagsins með því að lækka hús næst hafnarbakkanum úr fimm hæðum í fjórar ásamt því að lækka hús við Hlésgötu til að gera húsaðeir á reitnum fjölbreyttari. Þá hefur verið bætt við stig á norðvesturhluta reits 03A en fyrri deiliskipulagstillaga var gagnrýnd fyrir að húsin sem standa næst hafnarbakkanum mynduðu nánast samfelldan vegg út að sjónum. Stigurinn dregur úr þessum áhrifum en rík áhersla er lögð á sjónása frá Mýrargötu niður að höfninni sem eykur tengsl gömlu byggðarinnar við hafnarsvæðið og sjóinn.

Visthæfi byggðar

Lögð var áhersla á vistvænar lausnir út frá eftirfarandi þáttum:

- **Íbúasamsetning:** Fjölbreytt íbúasamsetning með misstórum íbúðum.
- **Þétt og blönduð byggð:** Byggt á gömlu iðnaðarsvæði við þéttasta hluta borgarinnar og mikilvæg atvinnu- og þjónustusvæði.
- **Þátttaka íbúa og hagsmunaaðila:** Tillagan var vel kynnt og áhersla lögð á það að taka tillit til athugasemda og hugmynda.
- **Byggðamynstur:** Stefnt er að fjölbreytileika í útliti húsa á uppbyggingarreitum og að vandað verði til hönnunar á almenningssýmum.
- **Samgöngur:** Gangandi og hjólandi vegfarendur verða í forgangi á svæðinu.
- **Almenningssými:** Almenningssými eru hönnuð út frá sólaráttum og skjóli með gott nærveður að leiðarljósi.
- **Veðurfar:** Sérstaklega er hugað að nærveðri á skipulagssvæðinu
- **Sjávarhæð:** Hugað er að mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegra breytinga á sjávarhæð í framtíðinni.
- **Gegndræpi/ofanvatnslausnir/græn þök**
- **Endurvinnsla:** Gert er ráð fyrir niðurgrofnum gámum við götur þar sem sorp verður flokkað.
- **Upphitun útirýma:** Skipulagið gerir ráð fyrir að nýta affallsvatn nýbygginga til upphitunar á útirýmum, stigum og torgum.



Nýlendureitur smækkaður

Byggingarreitur rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar þrengdur


Breyting á deiliskipulagi Nýlendureits var samþykkt um leið og nýtt deiliskipulag fyrir Vesturbugt. Helsta breytingin á deiliskipulagi Nýlendureits felst í smækkun reitsins, þar sem að fallið var frá því að færa Mýrargötu norður fyrir Slippfélagshúsið, Mýrargötu

2–8. Mýrargata í núverandi legu afmarkar reitinn til norðurs. Hætt er við að lengja Bræðraborgarstig niður að Mýrargötu, en þess í stað gert ráð fyrir göngustig sem liggur í beinu framhaldi af Bræðraborgarstig frá Vesturgötu yfir Nýlendugötu og niður að Mýrargötu.

Leiksvæði milli Vesturgötu og Nýlendugötu verður látið halda sér, í stað þess skipta því niður í lóðir, eins og deiliskipulagið sem samþykkt var 2007 gerði ráð fyrir.

Þar sem núverandi legu Mýrargötu verður ekki breytt og vegna breytinga á deiliskipulagi norðan Mýrargötu, sem áður var Slippa-Ellingsenreitir, en nefnist nú Vesturbugt, er gert ráð fyrir að Seljavegur haldi núverandi stefnu sinni. Þá myndast meira rými fyrir byggingar. Gert er ráð fyrir raðhúsum á horni Seljavegs og Mýrargötu, en ein lóð á reitnum verður ætluð flutningshúsi. Þar sem skortur er á lóðum fyrir lítill flutningshús er gert ráð fyrir að önnur flutningshúsalóð fyrir lítið hús verði á horni Nýlendugötu og Seljavegs.

Nú liggur fyrir tillaga með nánari útfærslu á rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni og hefur byggingarreitur kirkjunnar verið sniðinn að þeirri tillögu. Ekki er lengur gert ráð fyrir bílageymslu undir kirkjunni og lóð kirkjunnar verður opin og aðgengileg almenningi. Til að koma til móts við athugasemdir varðandi stærð rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar var byggingarreitur hennar þrengdur enn frekar, þannig að bygging á 75% grunnflatar megri ekki fara yfir 12m (var áður 17m), tveir litlir turnar megri fara upp í 17m og einn stór turn í allt að 22m.



Landslag hlaut fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag Öskjuhlíðar



**Ein aðal hugmynd
tillögunnar er
„Perlufestin“ sem
er greiðfær, nánast
lárétt hringleið
sem þræðir saman
áhugaverða staði,
ásamt því að
auðvelda aðgengi
fyrir alla.**

Landslag ehf. hlaut fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni um skipulag Öskjuhlíðar sem afhent voru 24. október 2013. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, í samvinnu við Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, efndi til hugmyndasamkeppninnar en tilgangurinn var að fá hugmyndir að framtíðarþróun Öskjuhlíðarsvæðisins sem stuðlar að fjölbreyttri notkun þess og aðlögun að aðliggjandi svæðum sem leitt geti til endurskoðunar á skipulagi einstakra reita.

Öskjuhlíðin er eitt stærsta útivistarsvæði borgarinnar og gegnir mikilvægu hlutverki í keðju opinna svæða í Reykjavík. Þar eru margar náttúru- og söguminjar og fjölskrúðugt náttúrulíf. Á undanförunum árum hafa komið upp margar hugmyndir að frekari þróun svæðisins og nokkrar breytingar eru á döfinni sem auka þörf fyrir heildarskipulag

svæðisins. Í niðurstöðu dómnefndar segir að vinningstillaga Landslags sé metnaðarfull með skýrri hugmynd þar sem geislar út frá Perlunni tengja hana við Öskjuhlíðina og nærumhverfið, þannig að svæðið verði öruggara og aðgengilegra öllum. Bungulaga form Öskjuhlíðar er eins konar „andrymi“ og felur í sér það viðfangsefni að ná saman svæðum sem snúa hvert í sína áttina. Í tillögunni er lögð áhersla á að skilgreina auðratanlegt net stíga um Öskjuhlíðina og að henni. Ein aðal-hugmynd tillögunnar er „Perlufestinn“ sem er greiðfær, nánast lárétt hringleið sem þræðir saman áhugaverða staði, ásamt því að auðvelda aðgengi fyrir alla. Hugmyndin er áhugaverð.

Í vinningstillögunni er lagt til að sögu-
minjar verði verndaðar og gert hærra
undir höfði með merkingum og fróð-

leikksskiltum. Við umhirðu svæðisins verði gróðursamfélög þróuð í átt að vistfræðilegum fjölbreytileika. Lögð er áhersla á að þróa austurhluta skógarins að Fossvogskirkjugarði yfir í hæfilega gisinn birkiskóg með stórum rjóðrum, þar sem blómagróður, viðikjarr og stök reynitré fái notið sín með tilheyrandi fuglalífi. Lögð er áhersla á að engið vestan Perlunnar haldi sér sem slíkt. Höfundar tillögu sýna mikið næmi fyrir gróðri og náttúruupplifun.

Önnur verðlaun hlaut Garðar Snæbjörnsson, arkitekt Ál með aðstoð Tamara Kocan skipulagsfræðingi og Mark Smith arkitekt. Í niðurstöðu dómnefndar segir að í tillögunni sé mikil áhersla lögð á vestursvæðið, þar sem hugað er vel að hugsanlegri þróun byggðar til vesturs. Lögð til einföldun á núverandi gatna- og göngustígakerfi.



Vinningshafar við verðlaunaafhendingu

Vinningstillögur í hugmynda-samkeppni um Vogabyggð

Dómnefndin telur að saman gefi tillögurnar svo áhugaverða framtíðarsýn á svæðið að ákveðið var að velja þær báðar sem verðlaunatillögur



Frá verðlaunaafhendingu

Tvær tillögur unnu til verðlauna í hugmyndasamkeppni um skipulag Vogabyggðar í Reykjavík, en það er landsvæðið í kringum Elliðavog; og átta jvantspijker + FELIXX frá Hollandi og Teiknistofan Tröð vinningstillögurnar. Verðlaunaafhending fór fram 23. janúar sl. í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.

Hugmyndasamkeppnin gekk út á að útfæra hugmyndir og tillögur að skipulagi svæðisins í samræmi við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 þar sem gert er ráð fyrir nýrri blandaðri og vistvænni byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis á svæðinu. Svæðið afmarkast af Sæbraut, Klepps-mýrarvegi og Elliðaárósum og var áður í útjaðri byggðar, en er nú nærri þunga-miðju búsetu Reykjavíkur. Á svæðinu hafa verið iðnaðarfyrtæki, verkstæði og geymslur gegnum tíðina og enn er slík starfsemi víða. Undanfarin ár hefur verið meiri ásókn í að búa á svæðinu og einhver starfsemi hefur vikið fyrir íbúðum. Svæðið hefur þjónað hlutverki sínu í núverandi mynd og er nú kominn

tími til að gefa því endurnýjað hlutverk í takt við óskir og þarfir borgarbúa fyrir fleiri íbúðir.



Alls voru fimm tillögur í úrslitum í keppninni sem Reykjavíkurborg hélt í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og Hömlur ehf. Samkeppnin var lokuð höfðu verið fimm aðilar til þátttöku að undangegnu forvali. Dómnefnd valdi tvær tillögur sem verðlaunatillögu og segir í niðurstöðu dómnefndar að þær nálgist verkefnið á ólíkan hátt en vegi hvor aðra upp á spennandi hátt. Hinar stofurnar sem skiluðu inn tillögu, en unnu ekki til verðlauna, voru Arkis arkitektar, THG arkitektar og Studio Granda.

Dómnefnd telur verðlaunatillögu jvantspijker + FELIXX áræðna og frumlega. „Samgöngukerfi hverfis-hlutans er vel leyst og tenging Súðarvogs við Dugguvog er sann-færandi. Sameinaðar eru þær megin akstursleiðir gegnum hverfið. Nýtt miðlægt borg sem býður upp á sterka


hverfismiðju er annarsvegar skemmtilega tengt göngu- og hjólabrú yfir Sæbraut og hinsvegar göngubrú yfir Naustavog leiðin tengist þannig aðalleið að skóla. Feiknarlega vel unnin tillaga og skemmtileg“.

Verðlaunatillögu Teiknistofunnar Traðar telur dómnefndin að sé jarðbundin og raunsæ. „Tillagan byggir á skýrri landnotkun með atvinnuhúsnæði við Sæbraut, því næst blandaðri byggð sem nær yfir Súðarvog og austast íbúðabyggð að Naustavogi. Byggðin er 3–5 hæða. Núverandi gatnakerfi er lagt til grundvallar og Súðarvogur er megin ásinn í norður-suður. Dugguvogur og Súðarvogur halda sér að mestu og þvergötur frá Súðarvogi liggja niður að strandgönguleið. Tillagan er vel unnin og skýr, bæði í framsetningu og hugsun.“

Dómnefndin telur að saman gefi tillögurnar svo áhugaverða framtíðarsýn á svæðið að ákveðið var að velja þær báðar sem verðlaunatillögur.



Loftgæði í Reykjavík 2013



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur vaktað loftgæði frá árinu 1990. Fimm loftgæðamælistöðvar eru staðsettar í Reykjavík

Borgarbúar eiga rétt á heilnæmu umhverfi og kemur sifellt betur í ljós að mengað andrúmsloft getur haft margvísleg áhrif á heilsu almennings. Loftgæði eru þó almennt góð í Reykjavík. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur vaktað loftgæði í Reykjavík frá árinu 1990 og sér m.a. um að vinna úr gögnum, greina upptök mengunar, senda út tilkynningar og grípa til mótvægisáðgerða.

Mælistöðvar og viðbragðsteymi

Fimm loftgæðamælistöðvar eru staðsettar í Reykjavík, þrjár fastar (Grensásvegi, Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og í Norðlingaholti) og tvær farstöðvar. Í mælistöðvunum fara m.a. fram mælingar á köfnunarefnisdíoxíði, svifryki (PM10) og brennisteinsvetni og er stuðst við heilsuverndarmörk sem koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins um loftgæði sem teknar hafa verið upp í íslenski löggjöf.

Viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur var samþykkt árið 2009. Í henni er m.a. fjallað um helstu uppsprettur mengunarefna og mögulegar skammtíma mótvægisáðgerðir. Viðbragðsteymi, sem Heilbrigðiseftirlitið stýrir, er skipað fagfólki hjá borginni auk fulltrúa Vegagerðar Ríkisins. Teymið tekur ákvarðanir um hvenær eigi að senda út tilkynningar og hvenær fara eigi í mótvægisáðgerðir eins og rykbindingar.

Loftgæðin 2013

Á nýliðnu ári fór svifryk átta sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk við Grensásveg. Samkvæmt loftgæðareglugerð má svifryk fara sjö sinnum á ári yfir mörkin þegar búið er að draga frá þau skipti sem eru út af náttúrulegum orsökum eins og t.d. ösku eða sandfoki. Í nýrri Evróputilskipun um loftgæði sem verið er að innleiða hérlandis er leyfilegt fyrir styrk svifryks (PM10) að fara 35

Nánari upplýsingar á heimasíðu Reykjavíkurborgar:
www.reykjavik.is/loftgaedi

sinum yfir sólarhrings-heilsuverndarmörkin en ekki hefur verið ákveðið af stjórnvöldum hvort svo mörg skipti verði sett í lög við innleiðinguna. Fjöldi skipta sem styrkur svifryks (PM10) hefur farið yfir mörkin hefur verið innan þessara marka (35 skipta) frá því að mælingar hófust, eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Köfnunarefnisdíoxíð (NO₂) fór aldrei yfir sólarhringsheilsuverndarmörk (75 µg/m³) við Grensásveg og einungis einu sinni yfir klukkutímamörkin (110 µg/m³) við Grensásveg – en það má fara 175 sinnum yfir. Brennisteinsvetni (H₂S) fór aldrei yfir sólarhrings heilsuverndarmörk (50 µg/m³) en má fara 5 sinnum fram til 14. júlí 2014. Veðurfar hefur mikil áhrif á loftgæði en í blautviðri dregur m.a. úr svifryksmengun.

Ársskýrsla Náttúruverndar-nefndar Reykjavíkur

Ráðist var í ýmis verkefni á friðlýstu svæðunum á árinu með það að markmiði að varðveita verndargildi þeirra.



Fossvogsbakkar

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur sinnir hlutverki Náttúruverndarnefndar Reykjavíkur en lögum samkvæmt starfa náttúruverndarnefndir í öllum sveitarfélögum. Helstu hlutverk þeirra er að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál, stuðla að náttúruvernd m.a. með fræðslu og umfjöllum um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til að hafa áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur.

Náttúruverndarnefnd Reykjavíkur skilar árlega skýrslu til Umhverfisstofnunar. Í skýrslunni er gefið yfirlit um ástand og framkvæmdir á friðlýstum svæðum í Reykjavík, ástand efnistökusvæða, utanvegaakstur í óbyggðum, almanna-rétt, fræðslu á náttúruverndarsvæðum, stöðu svæða á náttúruinjasrá, rannsóknir og vöktun á náttúruverndarsvæðum, framandi ágengar tegundir og aðgerður sem gripið hefur verið til að sporna við útbreiðslu þeirra og fleiri náttúruverndarmál. Skýrsla Náttúruverndarnefndar Reykjavíkur fyrir árið 2013 var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. janúar síðastliðinn.

Fimm friðlýst svæði eru í umsjá Reykjavíkur

Á árinu 2013 var ástandi friðlýstra svæða í Reykjavík gefinn sérstaklega mikill gaumur og er því gerð skil í fyrsta kafla skýrslu náttúruverndarnefndar. Fimm friðlýst svæði eru alfarið í umsjá Reykjavíkurborgar en það eru náttúruvættin Eldborg í Bláfjöllum, Fossvogsbakkar, Háubakkar í Elliðaárvogi og Laugarási, og fólkvangurinn Rauðhólar. Þá er Reykjavíkurborg ásamt fleiri sveitarfélögum á Suðvesturlandi aðili að tveimur fólkvöngum, Bláfjallafólkvangi og Reykjanesfólkvangi. Sumarið 2013 fóru fram ítarlegar úttektir á ástandi þriggja náttúruvætta: Fossvogsbakka, Háubakka og Laugaráss, sem öll eru friðlýst vegna merkra jarðminja. Úttektin fól í sér mat á ástandi jarðminjanna (ásýnd, aðkoma, sýnileiki, ástand nálægs umhverfis o.fl.) og þar með verndargildi þeirra. Jafnframt fór fram kortlagning á lífríki friðlýstu svæðanna. Gróðurfar var kortlagt og sérstaklega var fylgst með útbreiðslu ágengra plöntutegunda. Þá var önnur sýnileg líffræðileg fjölbreytni skrásett svo sem fugla- og smádyralíf. Einnig var ástand mannvirkja innan friðlýstu svæðanna

(svo sem girðinga, skilta, bekkja o.fl.) skoðað og stöðumat gert á fræðslumálum. Niðurstöður úttektanna ásamt tillögum til úrbóta voru gefnar út í sérstökum skýrslum í september 2013. Hafist var handa við sambærilega úttekt á Rauðhólafólkvangi sem áætlað er að halda áfram sumarið 2014 en þá verður einnig gerð úttekt á Eldborg í Bláfjöllum.

Ráðist var í fleiri verkefni á friðlýstu svæðunum á árinu með það að markmiði að varðveita verndargildi þeirra. Má þar nefna aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og trjágróðurs sem og stigagerð í Laugarási, ruslhreinsun í Háubökkum og gert var við girðingu í Rauðhólafólkvangi. Sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar aðstoðuðu við framkvæmdir í Laugarási. Þá voru hönnuð og smíðuð ný fræðsluskilti fyrir Fossvogsbakka, Háubakka og Laugarás sem sett voru upp í ársbyrjun 2014 þar sem ítarlega er fjallað um hinar merku jarðmyndanir sem þar eru að finna; þykk sjávarsetlög með steingervingum í bæði Fossvogsbökkum og Háubökkum, og jökulsorfnar grágrýtisklappir með ummerkjum um hærri sjávarstöðu við lok ísaldar í Laugarási.



Útikennslustofa á Kjalarnesi

Yfir 300 verkefni verið valin til framkvæmda í gegnum „Betri Hverfi“ á síðustu árum

Verkefnið „Betri Hverfi“ byggir á hugmyndum um íbúalýðræði og að virkja almenning til þátttöku umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði

Betri hverfi er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsörðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhalds í hverfum Reykjavíkurborgar. Verkefnið byggir á hugmyndum um íbúalýðræði og að virkja almenning til þátttöku umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði. Betri hverfi-verkefnið hófst árið 2010 og er tilraun borgarinnar til að virkja borgarbúa til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku um nær-umhverfi sitt og ekki síður að fá hugmyndir og sýn íbúanna sjálfra á hvaða verkefni þeim finnst brýnast að ráðast í eða getur haft áhrif til góðs á lífsgæði hverfa og upplifun.

Í upphafi fór val verkefna þannig fram að fagfólk umhverfis- og skipulagssviðs kom með tillögur að verkefnum í samvinnu við hverfaráðin (sem eru fulltrúar íbúa). Verkefnið hefur þróast þannig að síðustu tvö ár hafa borgarbúar getað sett fram hugmyndir sínar og tillögur á samráðsvefnum Betri Reykjavík. Á vefnum geta borgarbúar svo tekið þátt í umræðum um tillögurnar og sett fram rök bæði með eða á móti og gefið hugmyndunum vægi. Stuðningur við hugmynd á samráðsvefnum er mikilvægur og hefur áhrif á það hvort hún á möguleika á að komast áfram í lokavalið. Innsendar hugmyndir eru metnar af fagteymi starfsfólks umhverfis- og



skipulagssviðs, sem skoðar hvort þær eru framkvæmanlegar og hvað þær kosta. Því næst fara hverfisráð yfir hugmyndir, skoða niðurstöðu fagteymis, vinsældir hugmynda og dreifingu þeirra um hverfin, áður en þeim er endanlega stillt upp til kosningar. Að loknu þessu samráðsferli gefst íbúum Reykjavíkurborgar kostur á að velja á milli verkefnanna á sérstöku vefsvæði þar sem notandi auðkennir sig með öruggum hætti og hvert atkvæði er dulkóðað. Þegar niðurstaða kosningar liggur fyrir eru verkefnin sem valin eru hönnuð, boðin út og framkvæmd og íbúar geta fylgst með framgangi þeirra m.a. á vef Reykjavíkurborgar (www.reykjavik.is).

Hægt er að skoða skýrslu um verkefnin sem unnin hafa verið í gegnum Betri hverfi á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Tilteknir fjármunir eru teknir frá á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar til verkefnanna í Betri hverfi og er þeim skipt á hverfin eftir íbúafjölda. Hægt er að kjósa um allt að 20 hugmyndir í hverju hverfi, sem þó rúmast innan þess kostnaðarramma sem hvert hverfi hefur yfir að ráða. Á árunum 2010-2013 hefur samtals verið varið 850 millj.kr. til verk efna með þessum hætti og á þessu ári eru áætlaðar 300 millj.kr. til viðbótar.

Verkefnin sem valin hafa verið til framkvæmda eru bæði stór og smá, en mörg eiga það sameiginlegt að bæta aðstöðu til útivistar og íveru á opnum svæðum í hverfunum. Á árunum 2010-2013 hafa 322 verkefni verið valin í gegnum Betri hverfi og verið framkvæmd viðs vegar í hverfum borgarinnar. Meðal verkefna sem unnin hafa verið með þessum hætti eru fjöldi göngu- og hjólastíga, sem styður stefnu borgarinnar um aukið vægi umhverfissvænna ferðamáta innan borgarinnar og bætir öryggi vegfarenda, leiksvæði hafa verið endurgerð og leiktæki og listaverk sett upp á grænum svæðum. Þá hafa strandblakvellar, trimmtæki og hreystibrautir verið sett upp, hundagerði, aðstaða til skiðaiðkunar og sleðabrekkur, jólaljós- og skreytingar, grillaðstaða og bekkir, borð og upplýsingaskilti sett upp á áningarstöðum svo fátt eitt sé nefnt.

Í ár bærast tæplega 500 tillögur frá íbúum sem nú er verið að skoða og kostnaðarmeta áður en kemur að endanlegu vali. Kosningar fara svo fram dagana 11. – 18. mars næstkomandi á sérstöku vefsvæði, en fyrirkomulag verður kynnt nánar þegar nær dregur. Borgarbúar eru hvattir til að kynna sér hugmyndirnar og taka þátt í kosningunni, en þeim sem hafa áhuga á að hafa áhrif á nærumhverfi sitt með þessum hætti fjölgar ár frá ári.



Lyftingasteinar á Ægisíðu



Grillhús í Gufunesi



Trimmptæki við Hlaðbæ



Sundlaugarbakkinn

Samkeppni

Sundhöll Reykjavíkur

Í fyrsta skipti sem boðað er til hönnunarsamkeppni um viðbyggingu og breytingar á friðlýstu húsi

VA arkitektar hlutu fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni um viðbyggingu og útisundlaug ásamt pottum og vatnsleiksvæði fyrir börn við Sundhöll Reykjavíkur sem voru afhent þriðjudaginn 12. nóvember 2013. Heba Hertervig, Karl Magnús Karlsson og Ólafur Óskar Axelsson eru skrifuð fyrir tillögunni, sem dómnefndin mat heilsteypta og aðlaðandi. „Aðlögun að Sundhöllinni er einstaklega vel heppnuð þar sem gagnsæ viðbygging myndar skemmtilegt mótvægi við þyngra yfirbragð Sundhallarinnar.“ Dómnefndin telur ferlimál einstaklega vel leyst með notkun á lyftum á bæði blaut- og þurrsvæðum. Þá er dregið fram að gagnsæi frá Barónsstíg inn í sundlaugargarð sé góð hugmynd því þannig njóti suðurhlíð Sundhallarinnar sín til fullnustu þrátt fyrir viðbyggingu.

Útisundlaug og bætt aðgengi

Verðlaunatilagan gerir ráð fyrir 25 metra langri útisundlaug, nýjum pottum, vaðlaug fyrir börn, nýju eimbaði og annarri aðstöðu sem þarf til að gera

Sundhöllina að alhliða heilsurækt fyrir almenning. Miðað er við að byggja nýja búning sklefa kvenna og stækka búning sklefa karla, en gert er ráð fyrir að gömlu búning skelfarnir verði notaðir áfram, enda eru þeir friðaðir. Einnig er gert ráð fyrir að gera þurfi lágmarksbreytingar á hinu friðaða innra byrði hússins til að tenging og samnýting eldri og fyrirhugaðrar viðbyggingar verði með sem bestu móti.

Að byggja við friðað hús

Markmið Reykjavíkurborgar með samkeppninni var að fá fram vandaðar tillögur að viðbótum við Sundhöllina, þar sem sérstök áhersla var lögð á að byggingarlist hússins innan sem utan yrði gert hátt undir höfði. Sundhöllin er byggð á árunum 1929 – 1937, hönnuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, í fúnkisstil með nýklassískum áhrifum. Í dómnefndarálitinu er bent á að samkeppnin marki að vissu leyti tímamót í íslenskri byggingarlistasögu þar sem í fyrsta skipti er boðað til



Aðkoma frá Barónsstíg

hönnunarsamkeppni um viðbyggingu og breytingar á friðlýstu húsi.

Önnur verðlaun komu í hlut samstarfshóps arkitektanna Agnesar Nils-son, Andreu Tryggvadóttur, og Guðnýjar Örne Eggertsdóttur. Þriðju verðlaun fékk samstarfshópur tveggja arkitektastofa Kurt og pí og T.ark, en í þeim hóp eru arkitektarnir Ásmundur Hrafn Sturluson, Steinþór Kári Kárasón, Anja Schröter, Ásgeir Ásgeirsson, Hlín Finnsdóttir og Michael Blikdal Ericson.



Skýringarmynd

Deiliskipulag


Rauðarárholt – Brautarholt stúdentagarðar

Markmiðið með byggingu stúdentagarða er að færa mannlíf inn á svæðið og þetta byggð. Gert er ráð fyrir að stúdentar muni fyrst og fremst nota vistvæna ferðamáta

Til umfjöllunar er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Rauðarárhólts vegna lóðarinnar nr. 7 við Brautarholt. Deiliskipulagsbreytingin afmarkast af Mjólnisholti, Ásholti, Stakkholti og Brautarholti. Í breytingunni felst að horfið er frá atvinnustarfsemi á lóðinni og í staðinn verði reistar þar um 95 litlar stúdentabúðir.

Markmiðið með byggingu stúdentagarða á þessum stað er að færa mannlíf inn á svæðið og þetta byggð þar sem áður var iðnaðar- og atvinnusvæði. Lóðin er miðsvæðis í borginni, í góðum tengslum við almenningssamgöngukerfi borgarinnar og með góðar göngu- og hjóla leiðir í allar áttir.

Gert er ráð fyrir að götur og umferð umhverfis svæðið verði óbreyttar og að stúdentar noti fyrst og fremst nálægar almenningssamgöngur og reiðhjól sem samgöngutæki þannig að umferðarálag verði sem minnst. Því er boðið upp á takmarkaðan fjölda bílastæða og í staðinn lögð áhersla á góðar göngu- og hjólatengingar, reiðhjólástæði í inngarði svæðisins og lokaðar reiðhjólageymslur á jarðhæð hússins við Brautarholt. Einnig er lögð áhersla á gott aðgengi fyrir alla á svæðinu. Lagt er upp úr vandaðri hönnun á torgi í inngarði hvað varðar götugögn, gróður, yfirborðsefni og lýsingu. Gert er ráð fyrir þjónusturýmum á jarðhæð suðurbyggingarinnar við Brautarholt sem snýr til norðurs inn



á torgið t.d. fyrir lítið kaffihús, skrifstofu húsvarðar, reiðhjólageymslur og sorpgeymslu.

Fyrirhugaðar byggingar munu liggja með ytri mörkum skipulagsreitsins og mynda skjólgóðan inngarð með aðkomu í íbúðir um veggssvalir sem snúa inn að torginu. Byggingar verða þrjár hæðir, þar af efsta hæðin inndregin með flöt þök. Til þess að koma í veg fyrir einsleitt yfirbragð á að brjóta upp útlit bygginga á reitnum í smærri einingar í takt við mælikvarða miðborgarinnar með því að skipta um efni, lit eða áferð á útveggjum húsa.



— Magnað myrkur —

Vetrarhátíð

6.-15. febrúar

—

Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborgar

www.skipbygg.is
skipulagssja.skipbygg.is

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólóf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson
Elínborg Ragnarsdóttir
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Halldóra Hrólfsdóttir

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar



Reykjavíkurborg

Prentun: Prentmet

Forsíðumynd:
Ragnar Th. Sigurðsson